



1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2020, MIÐVIKUDAGINN 26. ÁGÚST KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum

Umsókn vísað til kennslustjóra í íþróttum.

C. Önnur bréf:

Fjórir nemendur sækja um undanþágu frá tungumáli til stúdentsprófs. - Vísað til skólameistara

Sjö nemendur sækja um að fá að taka stöðupróf í tungumálum. Vísað til kennslustjóra í viðkomandi fagi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Kindin endurvakin, Söngkeppni RUV frá vorönn verður haldin 26. sept. en án áhorfenda. Busadagurinn gekk vel og nú stendur yfir val á nýnemafulltrúa í stjórn NFFG og er mikil ásókn í stöðuna. Nýtt merki NFFG er komið í notkun. Búið að panta peysur og töskur með merki nemendafélagsins. Nýtt NFFG skóla-app er á lokametrunum í hönnun. Þátttaka í Morfís er í skoðun, Gettu betur undirbúningur er kominn af stað. Viðburðardagatal NFFG er tilbúið og kemur fljótlega á heimasíðuna. Rætt var um ýmsa möguleika á rafrænum útsendingum þar sem hægt væri að fjalla um ýmis málefni. Nemendur komu með ábendingu um að nýirstólar í kennslustofum á þriðju hæð væru ekki nógu þægilegir og rætt var um að kanna með sessur í þá.

3. Önnur mál

Kynntar voru væntanlegar breytingar á skólasóknareinkunn hjá nemendum með langtímavottorð. Nánari útfærsla verður lögð fram á næsta fundi.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir fulltrúi NFFG